Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn
Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökulsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Halldór Valdimarsson, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (íþróttir), Skafti Jónsson. Útlitsteiknun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson, Elín Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarkir: Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.
Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 5.00. Áskriftargjald á mánuði: kr. 85.00 — Prentun: Blaðaprent h.f.

Miðfylkingin í Bretlandi

■ Sögulegur atburður gerðist á landsfundi Frjálslynda flokksins í Bretlandi í fyrradag (16. þ.m.), þegar fundurinn samþykkti með 1600 atkvæðum gegn 112 að ganga til kosningabandalags við hinn nýstofnaða Jafnaðarmannaflokk, sem er klofningur úr Verkamannaflokknum.

Það verður næsta skref í framhaldi af þessu, að fulltrúar flokkanna semji stefnuskrá fyrir bandalagið. Eitt meginatriði hennar verður að draga úr miðstýringu valds og gera breytingu á kjördæmaskipuninni í þá átt að teknar verði upp hlutfallskosningar í stað einmenningskjördæma, þegar kosið er til þingsins.

Eins og er, er hinu nýja bandalagi spáð miklum sigri í næstu þingkosningum. Ef marka má skoðanakannanir, yrði það stærsti flokkur Bretlands, ef kosið væri nú.

Þótt hið nýja kosningabandalag skipi sér í miðið milli íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins, er það ótvírætt frekar til vinstri við miðjuna, líkt og Franklin D. Roosevelt lýsti stefnu sinni forðum.

Sumir fréttaskýrendur draga þær ályktanir af síðustu kosningaúrslitum í Sviþjóð og Noregi, að þar sé að myndast tveggja flokka kerfi og miðflokkarnir séu á augljósu undanhaldi.

Það er rétt, að fylgi miðflokkanna í Noregi og Sviþjóð dróst heldur saman í síðustu kosningum, en þeir höfðu áður búið við vaxandi gengi, einkum miðflokkurinn sænski. Tap þeirra er ekki meira en það, að öll ástæða er til að ætla að þeir rétti við aftur.

Staðreyndin er sú, að miðflokkarnir eru nú lóðið á vogarskálinni í Noregi, Sviþjóð, Finnlandi og Danmörku og ekki verður stjórnað þar án þátttöku þeirra í stjórn eða stuðnings þeirra við hana. Þótt sitthvað megi finna að stjórnarháttum á Norðurlöndum, er óhætt að fullyrða að þar ríkir nú skásta stjórnarfar í heiminum. Miðflokkarnir eiga sinn drjúga þátt í því.

Þetta er m.a. vatn á myllu hinnar nýju miðfylkingar í Bretlandi.

Millileiðin bezt

■ Jóhannes Páll páfi II hefur sent frá sér athyglisvert hirðisbréf um verkalýðsmál. Bersýnilegt er, að bréfinu er m.a. ætlað að hafa áhrif á stjórnmálaþróunina í Póllandi.

Í bréfinu lýsir páfi stuðningi við verkalýðsfélög og þátttöku verkamanna í stjórnun fyrirtækja. Hann fordæmir einstrengingslegan kapitalisma og ríkisrekstur, og telur efnahagsþróunina bezt tryggða með því að farin sé millileið. Þannig eigi að stefna að efnahagskerfi, sem sé hvorki kapitalískt eða kommúnískt.

Páfinn segir, að maðurinn skipti meira máli en fjármagnið og því eigi hann að hafa ótvíræðan forgangsrétt.

Fróðlegt verður að sjá hvaða áhrif boðskapur páfa hefur í Póllandi.

Þ.Þ.

á vettvangi dagsins

Stóriðja ekki eina úrræðið í atvinnuþróun næstu ára

eftir Ingvar Gíslason, menntamálaráðherra

■ Eins og greint hefur verið frá í fréttum var haldinn í síðustu viku í Reykjavík sérstakur fundur á vegum vísindanefndar Þróunar- og efnahagssamvinnustofnunarinnar í París (OECD), sem er alþjóðleg stofnun, sem Íslendingar taka þátt í. Fundur þessi fjallaði um vísinda- og tæknistefnu á Íslandi og er liður í víðtækri samvinnu þjóða um aðferðir til að móta slíka stefnu í hinum ýmsu löndum. Fyrir fundinum lá skýrsla tveggja sérfræðinga OECD um stöðu þessara mála á Íslandi og hugleiðingar um leiðir til úrbóta.
Höfundar skýrslunnar, prófessor Freeman frá Englandi og Mr. Mullin, Kanadamaður búsettur í Paris, fylgdu skýrslu sinni úr hlaði með ræðum.
Þrír íslenskir ráðherrar töluðu á fundinum, þ.e. menntamálaráðherra, sem fer með málefni Rannsóknaráðs ríkisins, iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra.
Hér fer á eftir ræða Ingvars Gíslasonar menntamálaráðherra við þetta tækifæri, þar sem hann víkur fyrst að starfi skýrslugjafanna og gildi skýrslunnar heima og erlendis, en gerir síðan grein fyrir hver vandi er á höndum í sambandi við stefnumörkun á þessu sviði, þar sem taka verður tillit til mjög ólíkra sjónarmiða í vísindum, tækniþróun og stjórnmálum.

Ég þakka prófessor Freeman og Mr. Mullin fyrir skýrar og hófsamar ræður þeirra. Einnig vil ég nota þetta tækifæri til þess að bjóða þá sérstaklega velkomna til Íslands. Get ég fullyrt að verk þeirra er mikils metið, og víst er að áhugamenn hér vænta alls góðs af skýrslu þeirra. Skýrslan er vel samin og hefur að geyma gagnlegt yfirlit yfir stöðu vísindalegra rannsókna á Íslandi og nokkrar hugleiðingar um það sem betur mætti fara í þeim efnum.

Ég minni á að til þess er ætlast að fundarmenn segi skýrt og skorinort álit sitt á umræðuefninu, þannig að skoðanir manna komi sem gleggst í ljós.

Skýrslugjafarnir eru áreiðanlega miklir hæfileikamenn. Þeir dvöldust hér á landi aðeins eina viku í svartasta skammdeginu í fyrra, en á þessum tíma hafa þeir safnað ótrúlega miklu efni og öðlast almenna yfirsýn yfir vísindarannsóknir í landinu, sem ástæða er til að dást að.

Ég held að það séu fáar staðreyndavillur í þessari skýrslu. Skýrslan hefur því ótvírætt gildi á alþjóðavettvangi, t.d. innan O.E.C.D., þar sem safnað er saman upplýsingum um vísindastarfsemi í hinum ýmsu löndum. Skýrslan ætti að reynast gagnleg þegar gerður er hlutlægur samanburður á vísindastarfsemi og rannsóknum í ólíkum löndum. Þessi skýrsla hefur því alþjóðlegt upplýsingagildi sem ekki má vanmeta.

En að sjálfsögðu hefur skýrslan annað og mikilvægara gildi í augum Íslendinga.

Hún er grundvöllur alvarlegrar umræðu á Íslandi um stöðu vísindarannsókna hér á landi og um mótun vísindastefnu fyrir Ísland. Ekki vegna þess að skýrslan segi fyrir um hverjar séu hinar einu færu leiðir í sambandi við mótun vísindastefnu, heldur af hinu að hún bendir á vandamálin og fær Íslendinga sjálfa til þess að hugsa um þau og leita lausnar á þeim. Íslendingar verða sjálfir að rökræða þessi mál sín í milli, enda hlýtur öllum að vera ljóst að það er hlutverk Íslendinga einna að móta eigin vísindastefnu.

Við ráðum ekki 2 eða fleiri skýrslugerðarmenn frá París eða London til þess að búa til vísindastefnu, þótt svo hæfir menn séu í boði sem prófessor Freeman og Mr. Mullin eða aðrir fróðleiksmenn um ríkjandi ástand í vísindamálum víða um heim. Þekking þeirra kemur okkur að góðum notum, og við erum þakklátir þeim fyrir þá þekkingarmiðlun, sem þeir láta okkur í té og gefa

menningarmál

Áhugaverð höggmyndasýning

Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist

Kjarvalsstaðir
Hallsteinn Sigurðsson,
myndhöggvari.
Myndir frá
1968-1981
5.-20. sept.
1981.

■ Hallsteinn Sigurðsson, myndhöggvari (f. 1945) verður að teljast í hópi eljusömustu myndlistarmanna af yngri kynslóðinni. Ef til vill er þetta ættarfylgja, því hann er bróðursonur Ásmundar Sveinssonar og því af listrænni og vinnusamri ætt. Brátt hefur hann unnið að myndlistarstörfum í tvo áratugi, þrátt fyrir að aldurinn sé ekki hár. Hann sýnir nú 28 verk á Kjarvalsstöðum, á vesturgangi og í portinu sunnan við húsið, en það gefur sýningu hans óvenjulegan og skemmtilegan blæ.

Hallsteinn Sigurðsson nam við Myndlista- og handíðaskólann á árunum 1963-1966, og þar eftir við St. Martin's School of Art og öðrum stöðum í London, eða á árunum 1966-1972 og námsferðir fór hann síðan til Ítalíu og Grikklands á árunum 1972, 1974 og 1975. Það er nú naumast þorandi að fást við höggmyndir án þess að hafa komið í þau lönd, því þar er að finna nær alla undirstöðu, eða frumatriði þeirrar höggmyndalistar, er stunduð er í Evrópu.

Hann sýndi fyrst myndir í Reykjavík árið 1971 og hefur síðan verið virkur myndlistarmaður og er fyrir löngu orðinn þekktur myndhöggvari.

Af framansögðu má lesa, að þarna er á ferðinni vel menntaður myndlistarmaður, sem að vísu er ekki nóg eitt sér, en Hallsteinn hefur verið grandvar og trúr sjálfum sér, og það gjörir vissan gæfumun í allri listsköpun. Hann hefur gefið sér tíma og kann vel til verka.

Sýningin á Kjarvalsstöðum.

Það skal játað hér og nú, að myndlist Hallsteins Sigurðssonar hefur ekki valdið neinu uppnámi hjá undirrituðum. Verk hans eru oft eins og þung steinbörn. Ekki aðeins á vogina, heldur einnig á sálina. Þau hefur skort þá innri